

Mál nr. 236/2007

M

og

Vátryggingafélagið X v/frjálsrar ábyrðartryggingar atvinnureksturs

**Vinnuslys við löndun þann 15.01. 2007,
ágreiningur um hvort M skuli bera 1/3 vegna eigin sakar**

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 18.12. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 11.01. 2008, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi.

Vátryggingafélagið telur að slysið megi rekja til mistaka samstarfsmanna M og ábyrgð sé fyrir hendi úr fjálsri ábyrðartryggingu. Það telur mjög varhugavert af M að hefja störf í lúguopinu áður en búið var að festa þann hlera sem um ræðir og féll á M. Það telur forsendur til að skerða bætur til M um 1/3 vegna eigin sakar.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að rekja megi vinnuslys þetta fyrst og fremst til aðgæsluleysis samstarfsmanna M. Fyrirliggjandi skrifleg yfirlýsing verkstjóra styður þá niðurstöðu. Hann fjallar um þá verkferla sem viðhafðir eru við opnun og lokun á lúgu. Hann telur m.a. að þeir starfmenn sem fóru undir lúguna hafi staðið í góðri trú um að lúgan væri föst (þ.á m. M). Mistökin megi rekja til þess að samstarfsmenn M hafi ekki verið nógu ánægðir með frágang splittis og ekki látið vita um að vinna væri hafin aftur við að festa lúguna. Verkstjórinn telur "óumdeilanlegt að M hafi fylgt réttum verkferli og þau mistök sem áttu sér stað megi rekja til samstarfsmanna".

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr þeirri ábyrðartryggingu sem hér um ræðir. Ekki eru forsendur til að skerða bætur til M vegna eigin sakar.

Reykjavík 22. janúar 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ingvar Sveinsbjörnsson hrl.

Jón Magnússon hrl.